

## 1993 nr. 117 20. desember

### Lög um almannatryggingar<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 83/1981, um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum. Rg. 242/1981, um matartekna. Rg. 246/1982, sbr. 380/1984, 18/1986, 442/1986, 50/1987, 609/1987, 300/1989 og 64/1990, sbr. augl. 68/1990, um greiðslu almannatrygginga á lyffjakostnaði. Rg. 148/1989, um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

#### I. kafli. Skipulag og stjórn.

■ **1. gr.** Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyrstryggingar.
2. Slysstryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

■ **2. gr.** Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyrstryggingar, slysstryggingar og sjúkratryggingar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

□ Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því sem henta þykir.

□ Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

■ **3. gr.** [Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn og ræður tryggingayfirlækni, hvorn um sig að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.]<sup>1)</sup>

□ Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 65. gr.

■ **4. gr.** Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru. . . .<sup>1)</sup>

□ Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

□ Heimilt er að ráða tannlækni eða semja við aðila utan stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 66. gr.

■ **5. gr.** Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

□ Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

■ **6. gr.** Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess.

□ Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

- a. hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
- b. ársreikningum stofnunarinnar,
- c. ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir,
- d. öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstettir og heilbrigðisstofnanir,
- e. meginreglum um notkun heimildarákvæða,
- f. öllum lánveitingum og verðbréfaupum og -sölum,
- g. öðrum þeim atriðum sem lög þessi ákveða.

□ Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til.

■ **7. gr.** Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Máli skal skjóta til úrskurðar tryggingaráðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun lá fyrir í málinu. Tryggingaráði er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þriggja mánaða frestinum.

□ Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjú menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

■ **8. gr.** Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

□ Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

□ Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.

■ **9. gr.** Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sl. ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

□ Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

□ Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

#### [I. kafli A. Tryggðir samkvæmt lögum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/1998, 1. gr.

■ **[9. gr. a.]** Sá sem búsettur er hér á landi telst tryggður, sbr. þó 24. gr., að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, nema annað leiði af milliríkjasamningum.

□ Með búsetu skv. 1. mgr. er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

□ Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst tryggður hér á landi samkvæmt lögnum. Um málskot fer skv. 7. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/1998, 1. gr. Ákv. öðlast gildi 1. júlí 1999, sbr. 5. gr. s.l.

■ **[9. gr. b.]** Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögnum, sé áfram tryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda starfi viðkomandi erlendis fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, sé greitt hér á landi af launum hans. Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum.

□ Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/1998, 1. gr. Ákv. öðlast gildi 1. júlí 1999, sbr. 5. gr. s.l.

■ **[9. gr. c.]** Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögnum, sé áfram tryggður, sbr. þó 24. gr., í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a eða 9. gr. b, enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi haft samfellda

fasta búsetu hér á landi eigi skemur en fimm ár fyrir brottför og að það sé ekki tilgangur farar að leita lækni meðferðar.

□ Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/1998, 1. gr. Ákv. öðlast gildi 1. júlí 1999, sbr. 5. gr. s.l.

■ **9. gr. d.** Ráðherra setur reglugerð um einstök atriði er varða framkvæmd þessa kafla, m.a. um skráningu Tryggingastofnunar ríkisins á tryggingaréttindum einstaklinga og hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/1998, 1. gr. Ákv. öðlast gildi 1. júlí 1999, sbr. 5. gr. s.l.

## II. kafli. Lífeyrstryggingar.

A. Almenn ákvæði.

■ **10. gr.** Lífeyrstryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, tekjutryggingar, örorkustyrkja, barnalífeyris og bóta í fæðingarorlofi.

□ [Nema annað sé tilgreint teljast til tekna skv. II. kafla laga þessara tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að frádrögnum tekjum skv. A-lið 1. mgr. 30. gr. sömu laga. Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, metnar að 50 hundraðshlutum.]<sup>1)</sup>

□ [Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr. laga þessara, er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádrögnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

□ Ráðherra setur reglugerð<sup>2)</sup> um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 144/1995, 28. gr. <sup>2)</sup> Rg. 643/1996. <sup>3)</sup> L. 95/1996, 1. gr.

B. Bætur.

■ **11. gr.** Ellilífeyrir.

□ Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur árlegur ellilífeyrir, 147.948 kr., greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímamann.

□ Ellilífeyri skal skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 853.397 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða ellilífeyri um [30%]<sup>1)</sup> þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. [Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994.<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup> Skerðing samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ná til þess hluta ellilífeyris sem einstaklingur á rétt á vegna frestunar á töku ellilífeyris sem ákveðin var fyrir 1. janúar 1992.

□ Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslið 2. mgr. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum er tryggingaráð metur jafngildar.

□ Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum

aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

□ Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl. eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

<sup>1)</sup> L. 144/1995, 29. gr. <sup>2)</sup> Nú l. 138/1997. <sup>3)</sup> L. 148/1994, 12. gr.

■ **12. gr.** Örorkulífeyrir.

□ Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem lögheimili eiga á Íslandi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, eru á aldrinum 16–67 ára og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér lögheimili,

b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn  $\frac{1}{4}$  þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkunnáttu og sanngjarnt er að ætlat til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

□ Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur.

□ Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 147.948 kr. og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 4. mgr. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 1. mgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

□ Örorkulífeyri skal skerða ef árstekjur örorkulífeyrisþega eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar, eru hærri en 871.373 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. [Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994.<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Nú l. 138/1997. <sup>2)</sup> L. 148/1994, 13. gr.

■ **13. gr.** Örorkustyrkur.

□ Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. 12. gr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

■ **14. gr.** Barnalífeyrir.

□ Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálf átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Hvorki skerðingarákvæði 2. mgr. 11. gr. né 4. mgr. 12. gr. takmarka rétt til barnalífeyris.

□ [Sömu réttarstöðu hafa stjúpbörn og kjörbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúppforeldris ef barnið á framfærsluskilyrt foreldri á lífi.]<sup>1)</sup>

□ Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, svo og með barni manns sem sætir

[gæsluvist eða aflplánar fangelsi],<sup>2)</sup> enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

□ Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.

□ Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum er annast framfærslu þeirra að fullu.

□ Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 123.600 kr. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris.

<sup>1)</sup> L. 129/1995, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 82/1998, 209. gr.

#### ■ 15. gr. Fæðingarstyrkur.<sup>1)</sup>

□ [Fæðingarstyrkur skal vera 27.758 kr. á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, sbr. þó 2. mgr. og ákvæði þessarar greinar um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Að jafnaði skal móðir eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuðina fyrir fæðinguna. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð.]<sup>2)</sup>

□ Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarféлага er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma er óskert laun eru greidd.

□ [Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.]<sup>2)</sup>

□ Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

□ [Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt. Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Heimilt er að framlengja greiðslu fæðingarstyrks um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Þörf fyrir framlengingu vegna dvalar barns á sjúkrahúsi, sbr. 2. málsl., alvarlegs sjúkleika barns eða alvarlegra veikinda móður skal rökstudd með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.]<sup>2)</sup>

□ [Fæðingarstyrkur skal greiddur foreldri vegna frumættleiðingar og fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í fóstur í sex mánuði frá þeim tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiði á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáiast ættleitt. Nú eru fleiri börn en eitt ættleidd eða tekin í fóstur í einu og skal þá framlengja greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.]<sup>2)</sup>

□ Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir

áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

<sup>1)</sup> Rg. 296/1998. <sup>2)</sup> L. 51/1997, 7. gr.

#### ■ 16. gr. Fæðingardagpeningar.<sup>1)</sup>

□ a. [Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt grein þessari, enda hafi þeir að jafnaði átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð.]<sup>2)</sup> Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.

b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í sex mánuði.

d. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1.032–2.064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516–1.031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Launuð vinna í grein þessari merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.

e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.

f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu ...<sup>2)</sup> og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en sex mánaða fæðingardagpeningum, sbr. c-lið.

g. [Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á, sbr. ákvæði laga um fæðingarorlof, fellur greiðsla fæðingardagpeninga niður fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.]<sup>2)</sup>

h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um [þrjá mánuði]<sup>2)</sup> fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.

i. [Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingardagpeninga um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þennan tíma. Heimilt er að framlengja fæðingarorlof um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Þörf fyrir framlengingu vegna dvalar barns á sjúkrahúsi, sbr. 1. málsl., alvarlegs sjúkleika barns eða alvarlegra veikinda móður skal rökstudd með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta

hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.]<sup>2)</sup>

j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.

k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.

l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. [Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.]<sup>2)</sup>

m. [Ættleiðandi foreldrar vegna frumættleiðingar og fósturfóreltrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára, sbr. og 6. mgr. 15. gr.]<sup>2)</sup>

n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.

p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

<sup>1)</sup> Rg. 296/1998. <sup>2)</sup> L. 51/1997, 8. gr.

■ **[16. gr. a.** Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

□ Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

□ Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við ákvæði d-liðar 16. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 147/1997, 3. gr.

■ **17. gr. Tekjutrygging.**<sup>1)</sup>

□ [[Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

□ Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram

724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

□ Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

□ Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

□ Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

□ Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

□ Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

□ Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.]<sup>2)</sup>

□ [Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisséttinda, með síðari breytingum. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar. Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa frádráttar.]<sup>3)</sup>

□ Um [tekjutryggingu]<sup>2)</sup> samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 485/1995, sbr. 586/1997. <sup>2)</sup> L. 149/1998, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 144/1995, 30. gr. <sup>4)</sup> L. 148/1994, 14. gr.

■ **18. gr.** Við ákvörðun um hækkunir bóta skv. 17. gr. skulu umsóknir rökstuddar t.d. með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega. Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti að það valdi synjun hækkunar.

□ . . . <sup>1)</sup>

□ Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að aðrar tekjufrádráttir skv. 17. gr. gildi um [lífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.]<sup>2)</sup> en aðrar tekjur.

<sup>1)</sup> L. 130/1997, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 144/1995, 31. gr.

C. Tekjur.

■ **19. gr.** Kostnaður vegna lífeyristrygginga almannatrygginga greiðist úr ríkissjóði, m.a. af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

■ **20. gr.** Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert haga áætlanagerð sinni vegna útgjalda lífeyristrygginga fyrir næsta almanaksár í samræmi við reglur fjárlagagerðar og senda

heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til frekari meðferðar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af áætluðum útgjöldum, skv. II. og III. kafla laga þessara.

□ Árleg heildarútgjöld lífeyrstrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjárukálögum hvers árs.

■ **21. gr.** Framlag ríkissjóðs til lífeyrstrygginganna skv. 19. og 20. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum greiðslum í byrjun hvers mánaðar.

### III. kafli. Slysstryggingar.

#### A. Almenn ákvæði.

■ **22. gr.** Slysstryggingar taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf, hvers konar íþróttæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 24. eða 25. gr.

□ Maður telst vera við vinnu:

a. Þegar hann er á vinnustað á þeim tíma sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum.

b. Í sendiferð í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

□ Slys telst ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfs sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni sem verða um borð í skipi hans eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

□ Til slysa teljast sjúkdómar er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

□ Ákveða skal með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

■ **23. gr.** Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskyld samkvæmt þessum kafla, skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirvarsmáður hans óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið.

□ Ef sá sem átti að tilkynna slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysi varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur þó að lengri tími líði ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

■ **24. gr.** [Slysstryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í

íslensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið, enda séu laun greidd hér á landi.

b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.

c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.

d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.

f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknaaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.]<sup>1)</sup>

□ Tryggingaráð getur veitt undanþágu frá slysstryggingu skv. a-lið 1. mgr. ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysstryggingalöggjöf. Þá er tryggingaráði heimilt að verða við beiðni íslensks fyrirtækis um slysstryggingu starfsmanna þess sem erlendis starfa.<sup>2)</sup>

□ Launþegi telst hver sá sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

□ Undanskilin slysstryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

□ Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

<sup>1)</sup> L. 148/1997, 1. gr. <sup>2)</sup> Ákvæði 2. máls. fellur brott 1. júlí 1999, sbr. l. 59/1998, 2. og 5. gr.

■ **25. gr.** Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs að tryggingar sé ekki óskað:

a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12–16 ára.

b. Atvinnurekendum sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.

c. Launþegum sem að staðaldri vinna störf sem falla undir ákvæði 4. mgr. 24. gr.

□ Þeir sem heimilisstörf stunda geta tryggt sér rétt til slysbóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur skv. b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysbóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 527/1995.

#### B. Bætur.

■ **26. gr.** Bætur slysstrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

■ **27. gr.** Nú veldur bótaskyld slys sjúkuleika og vinnutjóni í minnst 10 daga og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálparkækjum svo sem hér segir:

1. Að fullu skal greiða:

a. Læknishjálp samkvæmt samningum sjúkratrygginga.

b. Sjúkrahúsvist, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega. Greiðsla sjúkrahúsvistar færast þó yfir á

sjúkratryggingarnar þegar hinn slasaði er orðinn 70 ára, enda séu þá full tvö ár frá slysdegi.

c. Lyf og umbúðir.

d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.

e. Gervilimi eða svipað hjálparkæki, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.

f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrahúsi fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.

g. Sjúkraþjálfun og orkulækningar.

2. Að hluta skal greiða:

a. Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venslamanna hins slasaða.

b. Að  $\frac{3}{4}$  kostnað við sams konar ferðir með áætlunarbíl eða -skipi, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðast með áætlunarbíl skal greiða ferð með áætlunarflugvél að  $\frac{3}{4}$ .

3. Heimilt er að greiða:

a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.

b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.

c. Ferðakostnað að  $\frac{3}{4}$  hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni eða samkvæmt kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

□ Að svo miklu leyti sem sérstakir samningar sjúkratrygginga ná ekki yfir sjúkrahjálpi samkvæmt framansögðu getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti.

□ Nú veldur slys ekki óvinnufærni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

■ **28. gr.** Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

□ Tryggingaráði er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatíðraunum og óvíst er hvort um varanlega örorku verður að ræða og líkur eru til að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

□ Dagpeningar eru 665,70 kr. á dag fyrir hvern einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

□ Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr  $\frac{3}{4}$  af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu er hann stundaði er slysið varð og mega ekki ásamt vinnutekjum nema meira en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda sem tryggð eru skv. a-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 25. gr.

□ Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærrí greiðsla en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna.

■ **29. gr.** Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim er fyrir því varð örorkulífeyri eftir reglum 3. mgr. 12. gr. eða örorkubætur í einu lagi.

□ Ef örorkan er 50% eða meiri greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við bætist uns örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir. Skerðingarákvaði 4. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulífeyris samkvæmt þessari grein.

□ Nú er örorkan metin meiri en 50% og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum b- og c-liða 1. mgr. 30. gr.

□ Ef örorkan er 75% eða meiri skal greiða fullar bætur og gildir það bæði vegna barna sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75% lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

□ Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglum er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

□ Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Þó skal heimilt að greiða bætur vegna f-liðar 1. mgr. 24. gr. í þessum tilvikum í samræmi við nánari reglur sem ráðherra setur.

■ **30. gr.** Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því er það bar að höndum skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hlýtur bætur, 15.448 kr. á mánuði í 8 ár frá dánardægrí hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflíð falla ekki niður þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekkill sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar áður en bætur hafa verið greiddar að fullu og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.

b. Barnalífeyri, 123.600 kr. á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.

c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en 193.055 kr. og allt að 579.165 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur ef örorka er minni en 33%.

□ Bætur skv. a- og c-liðum skulu eigi vera lægri en 270.281 kr. fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur sem rétt eiga til bóta samkvæmt þessum staflíðum og skal þá bæta slysið með 270.281 kr. sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

□ Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra.

□ Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur er greiddar hafa verið í einu lagi skv. 4. mgr. 29. gr. vegna sama slyss.

#### C. Tekjur.

■ **31. gr.** Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi. Launþegar skv. c-lið 25. gr. skulu standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í e- og f-liðum 24. gr.

□ Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.

□ Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisafvlélum.<sup>1)</sup>

□ Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau sem nefnd eru í 1. og 3. mgr., skulu ákveðin sem hundradshluti af hæfilega áætlaðri stofnfrjárhæð vegna hvers einstaklings.<sup>2)</sup>

□ [Við ákvörðun á iðgjaldi vegna greiðslu slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins á launum eða aflahlut sjómanna skv. 63. gr. skal tekið tillit til rekstrarkostnaðar slysatrygginga auk framlags í varasjóð, sbr. 2. mgr. Iðgjald þetta skal ákveða árlega með reglugerð.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 15/1990. <sup>2)</sup> Rg. 94/1979, sbr. 623/1980. Rg. 201/1981, sbr. 10/1984, 249/1990 og 297/1990. <sup>3)</sup> L. 144/1995, 32. gr.

## IV. kafli. Sjúkratryggingar.

### A. Almenn ákvæði.

■ **32. gr.** [Sá sem átt hefur lögheimili í landinu í sex mánuði í skilningi lögheimilislaga og laga um tilkynningar aðsetursskipta, sbr. og ákvæði I. kafli A laga þessara, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum þótt biðtíminn sé ekki liðinn.]<sup>1)</sup>

□ Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

□ Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

□ [Ráðherra getur sett reglugerð<sup>2)</sup> um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga, um starfsemi sjúkratryggingadeildar og um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskiptum og framkvæmd þeirra.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/1998, 3. gr. Ákv. aðlast gildi 1. júlí 1999, sbr. 5. gr. s.l. <sup>2)</sup> Rg. 261/1995, sbr. 482/1996 og 454/1998. <sup>3)</sup> L. 59/1998, 3. gr.

### B. Bætur.

■ **33. gr.** Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:

a. Að veita styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.

b. Að veita styrk til æfingameðferðar eða hjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.

c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra setur reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.

d. Að greiða kostnað við yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.

e. Að greiða ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur<sup>2)</sup> um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflíð.

f. Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasisjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasisjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

[g. Að veita styrk til kaupa á næringarefnum og sérfræði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.]<sup>3)</sup>

□ Tryggingaráð setur nánari reglur<sup>4)</sup> um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasisjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.

□ [Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja skv. a-, b- og g-liðum. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, hjálfunar, næringarefnis eða sérfræðis.]<sup>5)</sup>

□ Ráðherra getur ákveðið að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálpar sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir.

b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkratryggingum við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér um stundarsakir.

<sup>1)</sup> Rg. 663/1996. <sup>2)</sup> Rg. 622/1998. <sup>3)</sup> L. 100/1996, 1. gr. <sup>4)</sup> Rg. 305/1998. <sup>5)</sup> L. 100/1996, 2. gr.

■ **34. gr.** Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 32. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum, sbr. þó 35. og 39. gr. eða ákvæði sérlaga. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálpar og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

■ **35. gr.** Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálpar í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálpar sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrirgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

<sup>1)</sup> Rg. 201/1998.

■ **36. gr.** Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálpar sem hér segir:

a. Almenna læknishjálpar utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklinga sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Með reglugerð má ákveða gjald sem hinn sjúkratryggði greiði fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta.

b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð<sup>1)</sup> skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum

og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þótt sjúklingur hafi ekki tilvísun.

c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldrí. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.

d. Röntngreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 900 kr. fyrir hverja röntngreiningu.

e. Sjúkradagpeningar skv. 38. gr.

f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 39. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því fæðing hefst.

g. Tannlækningar skv. 37. gr.

h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað lækni til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 100 kr. fyrir hverja ferð.

i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands að  $\frac{7}{8}$  hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 2.400 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist  $\frac{7}{8}$  af fargjaldi fylgdarmanns, jafnvel þó að um áætunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.

k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur.

□ Ráðherra er með reglugerð<sup>1)</sup> heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum. Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-liðum skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Þá er ráðherra og heimilt með reglugerð að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir sérhæfða göngudeildarþjónustu skv. b-lið.

□ Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 37. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

<sup>1)</sup> Rg. 82/1995, sbr. 229/1995. <sup>2)</sup> Rg. 81/1995, sbr. 228/1995. Rg. 68/1996, sbr. 246/1997 og 529/1997. Rg. 748/1998.

■ **37. gr.** Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

□ Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglina, 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.

2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglina, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.

3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum<sup>1)</sup> sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulíð að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.

4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekju-tryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekju-trygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótáþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

□ Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

<sup>1)</sup> Rg. 663/1996. Rg. 664/1996.

■ **38. gr.** Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður, sem orðinn er 16 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

□ Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

□ Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

□ Fullir dagpeningar skulu nema 526,20 kr. fyrir einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

□ Fullra dagpeninga njóta þeir sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem fella niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags vinnu en a.m.k. hálf dags starfi. Sé felld niður launuð vinna sem nemur minna en hálf dags starfi greiðast dagpeningar er nema  $\frac{3}{4}$  misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

□ Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra



dagpeninga, að viðbættum  $\frac{1}{2}$  hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálpi til fólks utan heimilis umfram heimilishjálpi  $\frac{1}{2}$  dag í viku, allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum er tilgreini vinnutíma, greidd laun og kennitölu viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. Umsækjandi, sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki helming dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda samkvæmt framanskraðu.

□ Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu skv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

□ Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfis dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfra dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í þrjá mánuði.

□ Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsfangi náist.

□ ...<sup>1)</sup>

□ Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

<sup>1)</sup> L. 144/1995, 33. gr.

■ **39. gr.** Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður þannig tilnefni Hæstiréttur þá sem vanta kann.

□ Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir slysa- og röntgendeildir, skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að höfðu nánú samráði við viðkomandi stofnanir. Daggjöld og gjaldskrár skulu ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti.

□ Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða jafngildir það samningi ef hlítt er ákvörðun ráðherra um daggjöld er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 34. gr., að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

■ **40. gr.** Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálpi innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálpi sem samningarnir fjalla um.

□ Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

□ Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga.

■ **41. gr.** [Tryggingastofnun ríkisins ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum.]<sup>1)</sup>

□ Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

<sup>1)</sup> L. 153/1996, 1. gr.

C. Tekjur.

■ **42. gr.** Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði. Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjárákalogum hvers árs.

□ Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með reglulegum greiðslum í hverjum mánuði.

## V. kafli. Sameiginleg ákvæði.

A. Bætur.

■ **43. gr.** Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálpi til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt.

□ Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils skv. a-lið 30. gr. og allar aðrar bætur.

b. Barnalífeyrir og dagpeningar.

c. Slysadagpeningar og ellilífeyrir.

d. Örorkulífeyrir/slysalífeyrir og bætur skv. f-lið 1. mgr. 24. gr.

e. Aðrar bætur ef svo er fyrir mælt í lögunum.

□ Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni sem ekki geta farið saman má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta sem veittar eru til langs tíma og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

□ Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er sjúkratryggður, greiða sjúkratryggingar gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

□ Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Tryggingaráði er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Hafi hlutaðeigandi innan við 3.000 kr. í tekjur á mánuði er heimilt að greiða honum 10.170 kr. á mánuði í vasapeninga. Tekjur umfram 3.000 kr. skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við árstekjur sem nema 223.754 kr. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu eða föndur er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingarhrif á vasapeningana. Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

■ **44. gr.** Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

□ Slíkt sambúðarfolk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúð-araðila slysbætur.

□ Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræð-um gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

■ **45. gr.** Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur ef ástæða er til að ætla að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd ef um er að ræða barnalífeyri.

■ **46. gr.** Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að lækni- og ráðgjöf eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

■ **47. gr.** Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

□ Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

□ Ekki verður krafist umsókna um sjúkrabætur að undan-teknum sjúkradagpeningum.

□ Starfsfolk Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnunarinnar.

■ **48. gr.** Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur skv. II. kafla, aðrar en lífeyrir skv. III. kafla, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaði eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

□ Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði, en heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

□ Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

■ **49. gr.** Bætur skal greiða [fyrsta]<sup>1)</sup> dag hvers mánaðar. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð þar sem samgöngur eru erfiðar.

□ Úrskurðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurðaðar bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

<sup>1)</sup> L. 148/1994, 16. gr.

■ **50. gr.** Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum og á þá Tryggingastofnunin endurkröfufétt á hendur honum eftir almennum reglum.

Má og draga upphæðina frá bótum sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

□ Ef greiðsla skv. 1. mgr. stafar af svíksamlegu atferli bótaþega getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

■ **51. gr.** Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun skulu falla niður allar bætur til hans meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgrein 43. gr. [Fangar skulu njóta sjúkratrygginga, annarra en sjúkradagpeninga, samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda.]<sup>1)</sup>

□ Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, maka hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila sem sér um að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

<sup>1)</sup> L. 123/1997, 6. gr.

■ **52. gr.** Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótaþegum samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær lögöld né gera í þeim fjárnám né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

■ **53. gr.** Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21/1990, og er henni þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga. Sjúkratryggingar hafa einnig sama rétt til að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Greinin fellur úr gildi 1. júlí 1999, sbr. l. 59/1998, 4. og 5. gr.

■ **54. gr.** Greiða skal bótaþegum, búsettum í þeim ríkjum sem ríkisstjórn gerir samninga við eða ráðherra hefur samið við með stoð í 64. gr., sömu bætur og viðkomandi hefði átt rétt á hefði hann verið búsettur hér á landi.

□ Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> ákveðið að frá bótum, sem bótaþegi á rétt á hér á landi, dragist bætur sem hann fær samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

<sup>1)</sup> Rg. 655/1994, sbr. 296/1998.

*B. Um iðgjöld, innheimtu o.fl.*

■ **55. gr.** Iðgjöld skv. 31. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu ákvæði 99. gr. þeirra laga og ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, gilda um iðgjöld eftir því sem við á.

□ Í reglugerð skv. 4. mgr. 31. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra er þar greinir.

□ Gjald dagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

■ **56. gr.** Iðgjöld til slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um dráttarvexti og fjárnámsrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

■ **57. gr.** Iðgjöld skv. 31. gr. vegna sjómanna og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

*C. Önnur ákvæði.*

■ **58. gr.** Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag skv. 1. mgr. 20. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi skv. 2. mgr. 31. gr. Fé, sem ekki þarf að nota til dagslegs rekstrar

trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

■ **59. gr.** Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um fjárhæð meðlags og aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga, nr. 20/1992.

□ Á sama hátt skal barnsmóðir fá samkvæmt stjórnvaldsúrskurði eða staðfestu samkomulagi greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslulífeyri í allt að þrjá mánuði skv. 1. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði skv. 2. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 1. mgr. 22. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

□ Þegar eftir að sýslumaður hefur veitt viðtöku ósk frá móður um að aflað verði faðernisviðurkenningar hjá lýstum barnsföður getur hún fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur.

□ Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem stjórnvaldsúrskurður, staðfestur samningur eða vottorð sýslumanns um að hann hafi veitt viðtöku ósk móður um öflun faðernisviðurkenningar berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

□ Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmatum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærsluveit barnsins hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því sem við getur átt.

□ Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, má ákveða hámarksreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi.

■ **60. gr.** Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 59. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

□ Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.–3. mgr. 59. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

□ Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 59. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

■ **61. gr.** Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka líffeyris sjóði.

■ **62. gr.** Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálssar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út váttryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

□ Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

■ **63. gr.** Ráðherra getur ákveðið<sup>1)</sup> að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og

veikinda sem þeir bera skv. 36. gr. laga nr. 35/1985, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannaög ákveða hverju sinni.

□ Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað og skulu iðgjöld<sup>2)</sup> útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum að þau ásamt dagpeningunum nægi fyrir útgjöldum.

<sup>1)</sup> Rg. 159/1996. Rg. 675/1998. <sup>2)</sup> Rg. 685/1997.

■ **64. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að lögheimilistímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 54. gr. og 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

■ **65. gr.** [Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 130/1997, 10. gr.

■ **66. gr.** Ráðherra er heimilt í reglugerð<sup>1)</sup> að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir<sup>2)</sup> reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

<sup>1)</sup> Rg. 170/1987, sbr. 56/1998. Rg. 63/1991. Rg. 74/1991. Rg. 655/1994. Rg. 374/1996. Rg. 296/1998. Rg. 660/1998. Rg. 808/1998. <sup>2)</sup> Augl. 550/1993, 367/1994 og 291/1997.

■ **67. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga nr. 67/1971, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. mgr.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi og skal þá einungis reikna til réttindatíma skv. 12. gr. þann tíma sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu öryrkja sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri eða slysaörorkubætur undir 50% og hafa vinnugetu sem ekki hefur nýst á vinnumarkaði og ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur almannatrygginga. Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverju um tíma. Í reglugerð<sup>1)</sup> skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

3. . . . <sup>2)</sup>

4. Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum almannatrygginga hverju sinni. Nú

andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.

5. ...

[6. ...<sup>3)</sup>]<sup>4)</sup>

[7. Á árinu 1997 skal heimilt að hækka bætur almanna-trygginga um allt að 6,6% umfram forsendur fjárlaga.]<sup>5)</sup>

[8. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. b-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að endurgreiða sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við Tryggingastofnun ríkisins hlut almanna-trygginga í kostnaði vegna lækniþjónustu. Skilyrði endurgreiðslu er að sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræðingur hafi endurnýjað samning sinn

við Tryggingastofnun ríkisins. Hafi sérfræðingur ekki endurnýjað samning sinn af þeim sökum að hann hafi hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur skal þó heimilt að endurgreiða sjúklingum hans samkvæmt framansögðu. Endurgreiðslan skal miðast við gjaldskrá 1. september 1997 samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 7. mars 1996.]<sup>6)</sup>

[9. Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem uppfyllti skilyrði 9. gr. b 1. janúar 1994 eða síðar, teljist tryggður hér á landi.

Umsókn um tryggingu samkvæmt heimild í þessu ákvæði skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en 1. júlí 2000.]<sup>7)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 159/1995. <sup>2)</sup> L. 144/1995, 35. gr. <sup>3)</sup> L. 130/1997, 11. gr. <sup>4)</sup> L. 144/1995, 34. gr. <sup>5)</sup> L. 130/1997, 12. gr. <sup>6)</sup> L. 41/1998, 1. gr. <sup>7)</sup> Brbákv. með l. 59/1998.